



Mat á starfsáætlun sameinaðs skóla í Strandabyggð

2023-2024

Hagnýtar upplýsingar

Sameinaður skóli á Hólmarvík.

Starfsstöðvar: Grunn- og tónskóli Skólabraut 20-22 og Leikskóli Brunngata 1
510 Hólmarvík

Sími: Í grunnskóla 451-3430, í leikskóla 451-3411

Netfang: grunnskoli@strandabyggd.is, leikskoli@strandabyggd.is

Skólastjóri sameinaðs skóla á Hólmarvík er Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir.

Deildarstjóri sérkennslu og staðgengill skólastjóra er Hrafnhildur Þorsteinsdóttir.

Deildarstjóri leikskóla er Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir.

Deildarstjóri tónskóla - hefur ekki verið ráðinn

Deildarstjóri leikskóla lét af störfum við upphaf skólaárs, strax var auglýst eftir deildarstjóra. Barbara Ósk Guðbjartsdóttir var ráðin í 50% starf deildarstjóra og 50% starf þroskaþjálfara í nóvember. Aftur var auglýst eftir áramót en enginn þeirra sem sótti um uppfyllti menntunarkröfur. Enn vantar í lok skólaárs og ráða þarf í starfið fyrir ágúst 2024 þegar núverandi deildarstjóri lætur af sínu starfi. Það er ljóst að 50% deildarstjórn uppfyllir ekki þarfir leikskólans.

Deildarstjóri tónskóla lét af störfum að vori, setti fram hugmynd að kennsluformi í fjarkennslu sem var afþakkað á fræðslunefndarfundi. Staðan var auglýst fram í nóvember þegar Vera Ósk Steinsen bauð fram krafta sína. Hún var ráðin í starf deildarstjóra og tónlistarkennara og kenndi á miðvikudögum, nemendur voru 8 í byrjun og 7 í lok árs og umtalsverð fækkun frá árinu á undan og sennilega munaði þar mest um Barnakórinn sem ekki náðist að halda.

Nemendafjöldi

Skólaárið 2023-2024 eru 42 nemendur skráður í grunnskólann.

Bekkur/Árgangur/Umsjónarkennari/Nemendur

1.bekkur	1	VF	5
2. bekkur	2	VF	3
3.bekkur	3	VF	5
4.bekkur	4	KÞ	3
5.bekkur	5	KÞ	6
6.bekkur	6	KÞ	2
7.bekkur	7	LJ	6
8.bekkur	8	LJ	5
9.bekkur	9	LJ	2
10.bekkur	10	LJ	3

Samtals nemendafjöldi: 42

Einn nemandi bættist við í 9. bekk eftir skólabyrjun og 43 enduðu saman út árið.

Í leikskólann eru 19 börn skráð

Dvergakot og Tröllakot

Árgangur/ fjöldi

2018 3

2019 5

2020 7

2021 3

2022 3

2023 0

Samtals barnafjöldi: 19

Eitt barn 2018 hætti í desember og eitt barn 2023 byrjaði í janúar.

Fjöldi almennra kennslustunda

Almennar kennslustundir eru 30 í 1. - 4. bekk, 35 í 5. - 7. bekk, og 37 í 8. - 10. bekk í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Stöðugildi

Skólastjóri 100%	1,0
Deildarstjóri sérkennslu	1,0
Deildarstjóri tónskóla	1,0
Kennari 4x100+ 1x80	4,8
Þroskþjálfari	1,0
Skólabílstjóri/bókavörður	0,8
Stuðningsfulltrúar/frístund	2,0
Skólaliði	0,7
Deildarstjóri leikskóla	1,0
Leiðbeinendur í leikskóla	6,0
Matráður leikskóla	1,0
Ræstitæknir leikskóla	0,2
Þroskþjálfari 80%	0,8
Samtals	20,3

Þroskaþjálfi sameinaðs skóla (með viðveru í leikskóla) var ekki ráðinn fyrr en í nóvember og þá í 50%. Annar þroskaþjálfi sameinaðs skóla fór rétt fyrir upphaf skóla úr 100% starfi í 30%. Að auki tók sérkennari að sér hlutverk tengiliðs farsældarinnar og lækkaði þar starfshlutfall sitt um 20%.

Allt þetta jók mjög álag á deild stuðnings og sérkennslu og annað starfsfólk og ekki var hægt að uppfylla þörf fyrir stoðþjónustu. Þetta þarf að hafa í huga við ráðningu starfsfólks fyrir skólaár 2024-2025.

Starfsmenn sameinaðs skóla á Hólmavík 2023-2024

Við sameinaðan skóla starfar samhentur hópur fólks með fjölbreytta reynslu og menntun í mismunandi starfshlutfalli. Allir stuðningsfulltrúar eru í hlutastarfi á móti starfi í frístund.

Starfsmenn:

Starfsfólk:

Barbara Ósk Guðbjartsdóttir, þroskaþjálfi - barbara(hja)strandabyggd.is
Berglind Mariúsdóttir, leiðbeinandi leikskóla - berglind(hja)strandabyggd.is,
Guðmundur Björn Sigurðsson, leiðbeinandi leikskóla -
Halldóra Halldórsdóttir, stuðningsfulltrúi -halldora(hja)strandabyggd.is
Henrike Stuehff leiðbeinandi leikskóla, henrike(hja)strandabyggd.is
Hicham Mansri ræstitækni
Hlíf Hrólfsdóttir, þroskaþjálfi - hlif(hja)strandabyggd.is
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri - skolastjori(hja)strandabyggd.is
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, deildarstjóri sérkennslu - hrafnhildur(hja)strandabyggd.is
Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir, deildarstjóri leikskóla- alma(hja)strandabyggd.is
Jamie Lai Boon Lee, skólaliði - jamie(hja)strandabyggd.is
Kolbrún Þorsteinsdóttir, grunnskólakennari - kolbrun(hja)strandabyggd.is
Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir, leiðbeinandi leikskóla - helgai(hja)strandabyggd.is
Linda Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi - linda(hja)strandabyggd.is
Lína Þóra Friðbertsdóttir, leiðbeinandi leikskóla - lina(hja)strandabyggd.is
Lára Jónsdóttir, grunnskólakennari - lara(hja)strandabyggd.is
Magnea Dröfn Hlynisdóttir, grunnskólakennari - magnea(hja)strandabyggd.is
Raimonda Serekaité, matráður - raimonda(hja)strandabyggd.is
Röfn Friðriksdóttir, leiðbeinandi leikskóla - rofn(hja)strandabyggd.is
Sigrún María Kolbeinsdóttir, skólaliði - runamaeja(hja)strandabyggd.is
Svanur Kristjánsson, bókavörður/skólabílstjóri - svanur(hja)strandabyggd.is
Vala Friðriksdóttir, grunnskólakennari - vala(hja)strandabyggd.is

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna birtist á vefsíðum skólanna og er hægt að finna [hér](#)

Starfsmannastefnan verður framvegis endurskoðuð annað hvort ár, næst haustið 2023.

Móttaka nýrra starfsmanna

Tilgangurinn með móttökuáætlun er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Á hverju hausti skal halda kynningu fyrir nýja starfsmenn. Móttökuáætlun birtist í heild sinni á vefsíðu skólans og má skoða [hér](#). Um kynninguna sjá eftir því sem við á: Skólastjóri, sérkennslustjóri, trúnaðarmaður kennara/starfsmanna, starfsmaður tölvumála og launafulltrúi.

Viðtalstímar kennara og annars starfsfólks

Viðtalstímar starfsfólks eru eftir samkomulagi. Hægt er að panta viðtalstíma í síma 451 3430 grunnskóli eða 451 3411 leikskóli eða með tölvupósti sem sendur er viðkomandi kennara eða starfsmanni.

Starfsmannaviðtöl

Kennarar sameinaðs skóla fá eyðublað um skráningu á símenntun/starfsþróun afhent í ágúst. Um er að ræða rafræna skráningu. Sérstök starfsmannaviðtöl fara fram í mars og er gert ráð fyrir þeim í fundaáætlun kennara og starfsmanna. Farið er yfir skjal um starfsþróun í mars. Að öðru leyti eru starfsmannaviðtöl eftir samkomulagi.

Ráðningarsamningar

Gerðir eru ráðningarsamningar við allt starfsfólk og skrifað undir í tvíriti. Starfsmaður fær annað frumritið og skólinn hitt. Afrit af samningi er einnig varðveitt hjá launafulltrúa. Gengið er frá ráðningarsamningum á starfsdögum í ágúst eða þegar starfsmaður er ráðinn.

Vinnuyfirlit

Vinnuyfirlitsskjal er fyllt út fyrir allt starfsfólk skólans. Gerð er vinnuskýrsla kennara og fylgiskjal ráðningarsamnings/reikniskjal almennra starfsmanna sem fá laun dreifð yfir árið. Starfsmaður fær afrit og skólinn varðveitir frumrit. Gengið er frá þessu á starfsdögum í ágúst eða þegar starfsmaður er ráðinn. Reikniskjalið fylgir ráðningarsamningi og launafulltrúi fær afrit.

Trúnaðarmenn og öryggisvörður

Trúnaðarmaður KÍ. er kosinn til tveggja ára að hausti. Trúnaðarmaður er Kolbrún Þorsteinsdóttir, varatrúnaðarmaður er Hrafnhildur Þorsteinsdóttir. Næst kosið haust 2025.

Trúnaðarmaður Verkvest er kosinn til tveggja ára, Halldóra Halldórsdóttir. Trúnaðarmaður FosVest kosinn til tveggja ára.

Öryggistrúnaðarmaður/öryggisvörður er Magnea Dröfn Hlynsdóttir, til vara Svanur Kristjánsson. Kosningu er ekki lokið. Kjósa þarf í embætti haust 2025

Skóladaatal

Skóladaatal grunnskóla er að finna á vefsíðu, [skóladaatal](#) 2023-2024.

Skólasetning og móttaka nýnema: Nýnemum verður boðið í skólann á skipulagsdögum.

Skólasetning verður 21. ágúst 2023, klukkan 13:00.

Skólaslit verða 31. maí 2024, kl. 12:00.

Uppbrotisdagar

Barnamenningarhátíð Vestfjarða 11.-22. september.

Nemendur taka þátt í Listasmiðju í lok ágúst, hver deild dvelur við nám á Drangnesi einn dag 29.-31. Ágúst.

Barnamenningarhátíð var aftur haldin að vori í lok apríl 2024 og er stefnt að því að hún verði á þeim tíma næst árin.

Litlu jól grunnskóla. Sýnd verða atriði á sviði sem eru áður undirbúin af hverri bekkjardeild. Umsjónarkennari stýrir þeirri vinnu. Elstu nemendur leikskóla taka þátt og sýna atriði í dagskrá. Nemendur í 7. bekk sjá um að kynna skemmtiatriði. Nemendur í 10. bekk sjá til þess að jólasveinar mæti á staðinn og taka þátt í að skreyta jólatréð. Gengið er í kringum jólatréð og starfsfólk skólans sér um undirleik.

Íþróttahátíð og lýðheilsudagur. Foreldrum er boðið til þátttöku í ýmsum heilsu- og íþróttatengdum viðburðum með nemendum til dæmis við upphaf Lífshlaupsins. Útivistar og gönguferðadagskrá í upphafi og lok skólaárs. Markmiðið með gönguferðunum er hópefli og sjálfstyrking.

Íþróttar og lýðheilsudagur hefur verið með ýmsu sniði, síðast boðið upp á fimleikasýningu í hádeginu. Oft hefur afhending viðurkenninga til Íþróttamanns Strandabyggðar og efnilegasta íþróttamanns undangengins árs verið tengd íþróttadegi

Framhaldsskólakynningar. Nemendur eru hafa fengið leyfi til að fara með foreldrum sínum á kynningar hjá þeim framhaldsskólum sem þau hafa áhuga á. Skólarnir eru með kynningar á misjöfnum tíma. Nemendur fá aðstoð við að leita upplýsinga.

Skólabúðir. 7. Bekkur fer í skólabúðir í Reykjaskóla á sama tíma og samstarfsskólarnir á Reykhólum og í Búðardal. Kennari fer með hópnum og stuðningsfulltrúi ef þess gerist þörf.

Farið var í skólabúðir á sama tíma skólarnir á Vesturlandi. Komið hefur fram tillaga í samstarfi

Reykhóla og Hólmavíkur um sameiginlega ákvörðun um að fara ekki á hverju ári vegna fárra nemenda í hverjum árgangi eins hefur komið fram tillaga um samstarf skólanna á Hólmavík og Reykhólum vegna þessara ferða.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk er haldin sameiginlega með skólunum á Reykhólum, Drangsnesi og skipt á milli staða. Skólaárið 2023-2024 verður keppnin haldin á Reykhólum í mars.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin á Reykhólum í maí, næsta ár verður keppnin með nýju sniði í samstarfi við Vesturlandsskólana

Umhverfisdagur: Er þemadagur umhverfisins og þá er sett upp dagskrá með fræðslu og leik sem tengist umhverfinu. Oft er öðrum skólum boðið að taka þátt eða foreldrum, eldri borgurum eða öðru fólki á svæðinu. Á þessum degi er reynt að skila einhverju af sér til umhverfisins. Einnig hefur verið farið í náttúru og umhverfisskoðun, ratleiki og náttúrubingó. Allir nemendur eru saman og leikskólinn tekur líka þátt. Skóladegi allra lýkur við lok skóladags yngstu nemenda.

Samskiptadagur heimila og skóla verða 15. nóvember, 19. febrúar verða nemendastýrð foreldraviðtöl og 22. maí verða foreldraviðtöl. Viðtöl eru 20 mínútur. Sé þörf á lengri tíma koma viðmælendur sér saman um hann. Áhersla hefur verið á líðan og lestur á fyrsta foreldrafundi. Nemendastýrð foreldraviðtöl eftir leiðsagnarmat er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Umsjónarkennarar sjá um foreldraviðtöl að hausti og vori en skólastjóri og annað starfsfólk sér um nemendaping á meðan. Nemendastýrð foreldraviðtöl verða nú á einum degi í stað þess að þeim sé dreift yfir vikuna. Foreldrar verða sérstaklega hvattir til að mæta í nemendastýrðu viðtölin þar sem nemendur eru búnir að undirbúa sig vel og rækilega og æfa kynningu fyrir foreldra.

Á nemendapingi að hausti verður fjallað um Bekkjarbrag og betri skóla og að vori er nokkurs konar uppjör á vetrarstarfinu. Hugmyndavinna á báðum þingum.

Nemendur fjölluðu um góð samskipti á nemendapingi að hausti.
Að vori var nemendaping tengt umhverfisdegi og sundnámskeiði.
Þar var fjallað um umhverfi skólans og hvernig mætti bæta það. Hugmyndavinna. Skýrsla um vinnu nemendapings verður unnin í júní.

Útikennsla og umhverfisdagur: Sett upp dagskrá með fræðslu og/eða leik sem tengist umhverfinu. Oft er öðrum skólum boðið að taka þátt eða foreldrum, eldri borgurum eða öðru fólki á svæðinu. Á þessum degi er áhersla á að skila einhverju af sér til umhverfisins. Útikennsla og umhverfisrannsóknir að vori verða í samstarfi við Grunnskólann á Drangsnesi
Samstarf er við Drangsnæs um útikennslu og umhverfisdag.

Að hausti var útikennsla í samstarfi við Drangsnæs en að vori var áhersla á sundnámskeið og nemendur útikennsluverkefni og umhverfisrannsóknir unnin sitt í hvoru lagi. Samstarfi Hólmavíkur og Drangsnæs verða gerð sérstök skil í skýrslu sem unnin verður í júní.

Styttri dagar - fyrirkomulag

Stofujól: Síðasti dagur fyrir jól. Nemendur mæta í skólann klukkan 11:00 með eitthvert góðgæti stundum með kerti og litlar gjafir. Róleg stund í hverri bekkjardeild, nemendur fá jólakveðju frá bekkjarfélögum, umsjónarkennari sér um stofujól. Stofujólum lýkur klukkan 12:00 og um leið hefst jólafrí.

Á skóladagatali 2023-2024 eru stofujól á dagskrá 11:00-12:00.

Vordagur: Er dagur með leikjadagskrá og grilli sem stendur yfir frá klukkan 10:00. Keppt er um sterkasta nemanda skólans, grillaðar pylsur og djús í boði og spákona/maður mætir á svæðið. Allir eru velkomnir en nemendur leikskólans eru sérstaklega boðnir.

Vordagur á skóladagatali 2023-2024 verður sameiginlegur með skólanum á Drangsnési, haldinn á Hólmavík

Andlitsmálun, sápuvígur, tónlist, leikir og þrautir. Dagurinn var haldinn við Grunnskólann. Vordagur var ekki sameiginlegur með Drangsnési að þessu sinni vegna foreldravíðtala þar en vonandi síðar.

Öskudagur: Frá klukkan 10:10-11:30 fara nemendur að undirbúa sig, æfa söng, mála, greiða, búa sig og skipta í hópum fyrir hádegi og fara eftir hádegismat í hópum með kennurum og starfsfólki að syngja í fyrirtækjum. Skóla lýkur klukkan 13:30 og þá tóku foreldrar við umsjón barnanna. Frístund á venjulegum tíma 14:30 - 16:00 Hefðbundið er öskudagsball foreldrafélagsins.

Lækjarbrekka

Leikskólinn verður opnaður að loknu sumarfríi 8. ágúst 2023 klukkan 11:00. Lokað verður fyrir sumarfrí 2024 þann 26. júní klukkan 12:00 og opnað aftur klukkan 11:00 7. ágúst 2024. Opið er alla virka daga vikunnar frá 7:45-16:15 fyrir utan skipulagsdaga sem eru sex talsins, þann 17. ágúst, 8. september, 7. nóvember, 2. janúar, 15. febrúar, 26. apríl.

Skóladagatal leikskólans má finna á heimasíðu: [Leikskóladagatal](#).

Dagskipulag deilda er rammi utan um leikskólastarfið þar sem ríkir jafnvægi frjálsa og skipulagðra stunda, inniveru og útiveru. Dagskipulagið er alltaf sniðið að þörfum barna, þroska þeirra og samsetningu barnahópsins svo sem og aðstæðum og öðrum ytri skilyrðum. Skipulag og ákveðnar tímasetningar dagsins gefa starfinu festu og öryggi fyrir börn, starfsfólk og foreldra en er þó sveigjanlegt og veitir svigrúm til þess að bregða út af þegar þörf er á. Hvor deildin er með sitt dagskipulag sem má finna hér:

[Strandabyggð / Tröllakot \(strandabyggd.is\)](http://strandabyggd.is/Tröllakot)

[Strandabyggð / Dvergakot \(strandabyggd.is\)](http://strandabyggd.is/Dvergakot)

Uppbrotsdagar á Lækjarbrekku.

Leikskólinn er lokaður alla helgidaga. Auk þess er hann lokaður bæði aðfangadag og gamlársdag.

Fyrir jól er hefðbundið leikskólastarf brotið upp og unnið er að margskonar jólaundirbúningi. Í kringum jól og áramót snýst leikskólastarfið að nokkru leyti um aðventuna og þær hefðir og siði sem fylgja jólahaldi. Í desembermánuði eru jólalögin sungin, jólasögur lesnar og fönðrað fyrir jólin.

Margar hefðir hafa skapast í leikskólanum í kringum jólin sem við höldum í heiðri, en þær eru:

- **Piparkökubakstur og skreyting.** Öll börnin koma að piparkökubakstri og skreyta nokkrar piparkökur sem þau taka heim með sér.
- **Jólaverkstæði.** Foreldrum og systkinum er boðið að koma í leikskólann og taka þátt í jólaföndri barna sinna. Þar koma saman börn og fullorðnir og njóta stundarinnar saman undir lágværri jólatónlist. Foreldrum er boðið upp á kaffi og á boðstólnum fyrir alla eru piparkökur og mandarínur.

Foreldrum er boðið að koma á misjöfnum tíma. Ákveðin verkefni eru í boði og ef stundin er barninu erfið er einnig í boði að taka efni í jólaverkefni með heim. Almenn ánægja kom fram við þessa breytingu.

- **Bíódagur.** Þennan dag fá börnin að horfa saman á einhverja góða jólamynd og gæða sér á poppi og djús.
- **Jólaljósiferð.** Elsti árgangur leikskólans ásamt starfsmanni fer með skólabílnum sem ekur um Hólmavík. Tilgangurinn er sá að skoða jóla ljósina í bænum og vinna myndrænt með upplifunina.
- **Jólaball.** Þegar jólaballið er haldið koma allir þrúðbúnir í leikskólann. Dansað er í kringum jólatréð við hljóðfæraleik og ef vel gengur að syngja koma rauðklæddir herra menn í heimsókn með gjafapoka. Þegar dansinum er lokið fáum við jólamat að borða.

Á Bóndadegi er haldið þorablót. Í Dvergakoti er sett upp langborð og stúlkurnar þjóna til borðs. Á borðum er hefðbundinn þorramatur og er íslensk matarhefð höfð í hávegum þennan dag.

Dagur leikskólans hefur verið haldin hátíðlegur í febrúar undanfarin 10 ár. Þá er foreldrum boðið að snæða morgunverð með börnum sínum í leikskólanum og fylgja þeim eftir í leik og starfi. Dagur leikskólans miðar að því að opna og kynna starfsemi leikskólanna fyrir almenningi og því kjörið að nota þennan dag til að bjóða foreldrum sérstaklega inn í leikskólann.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur:

- Bollur eru þema bolludags og eru borðaðar fiski- eða kjötbollur í hádeginu. Einnig er boðið upp á rjómbollur.
- Á sprengidegi fáum við saltkjöt og baunir og reynum að sjálfsögðu að sprengja okkur þann daginn.
- Á öskudegi geta börnin ýmist komið í náttfötum eða grímubúningum. Við höldum ball og sláum köttinn úr tunnunni. Í tunnunni er góðgæti í boði leikskólans.

Konudagur

Á föstudegi fyrir konudag er sett upp langborð í Dvergakoti og drengir þjóna til borðs.

Páskar

Leikskólinn er lokaður alla helgidaga.

Páskahátíðin er undirbúin með þemavinnu og sköpun.

Sveitaferð

Að vori til fara öll börn leikskólans í sveitaferð. Skólabíllinn keyrir hópinn fram og tilbaka. Eldri og yngri deild fer í tveimur ferðum sitthvorn daginn. Markmið ferðarinnar er að börnin fái að sjá dýrin í sveitinni og fái tækifæri til að upplifa sauðburð. Sveitaferð hefur verið færð framur í maí til að börnin eigi möguleika á að ná sauðburð

Grilldagur

Grilldagurinn er hátíðisdagur á Lækjarbrekku, þá er vinnu vetrarins fagnað með góðri skemmtun. Foreldrum og systkinum er boðið að koma og taka þátt í grilldeginum þar sem börn og kennarar flytja atriði og ýmsir leikir eru í boði á útisvæði. Stundum hafa börn og kennarar flutt atriði. Starfsfólk og foreldrafélag leikskólans vinna saman að framkvæmd þessa hátíðar.

Útskrift og opnun listasýninga

Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram því sem næst 17. júní ár hvert. Útskriftardagur elsta árgangsins markar einnig upphafið á árlegri listasýningu leikskólabarna í Íþróttamiðstöð Hólmavíkur.

Fjölskyldum útskriftarbarna er boðið að vera viðstödd. Börn sýna leikrit og fjölskyldurnar þiggja veitingar að hætti leikskólans Börnin fá viðurkenningarskjal, bók að gjöf frá leikskólanum og trjáplöntu sem þau geta gróðursett og fylgst með vaxa og dafna.

Listaverk eftir leikskólabörnin auk þeirra gullkorna sem safnast hafa á starfsárinu eru á sýningunni, sem stendur fram á haust.

Fjölskyldum útskriftarbarna er boðið að vera viðstödd. Börn sýna leikrit og fjölskyldurnar þiggja veitingar að hætti leikskólans

Sama dag verður opnuð sýning í Íþróttamiðstöð með listaverkum leikskólabarna.

Ákveðið hefur verið að hér eftir fari gullkorn barna eingöngu í ferilmöppur þeirra barna sem þau eiga. Ákvörðun var tekin út frá jafnræðissjónarmiðum og persónuvernd.

Afa- og ömmukaffi

Ömmur og afar eru sérstaklega boðin velkomin að njóta samvista við barnabörn sín í leikskólanum. Þarna er komin ákveðin leið fyrir börnin til að læra af eldra fólkinu og eldra fólkið hefur gaman af því að umgangast börnin og fylgja þeim eftir í leik og starfi.

Sólblómaleikskóli og Vanessuhátíð

Leikskólinn styrkir Vanessu sem býr í SOS barnaporpi í Zimbabwe. Árlega er haldin Vanessuhátíð þar sem leikskólinn heldur opið hús og börnin syngja fyrir gestina sína. Þá býðst gestum að versla alls kyns varning sem börn og starfsfólk hefur útbúið fyrir hátíðina. Ágóði sölunnar er notaður til að greiða árgjaldið fyrir Vanessu. Börnin senda Vanessu jólagjöf auk þess að árlega er ákveðin peningaupphæð lögð inn á bankareikning sem Vanessa fær afhenta þegar kemur að því að hún flytur að heiman. Í fataklefum beggja deilda eru sparibaukar sem tilheyra Vanessu og er tekið við frjálsum framlögum þar. Á eldri deild leikskólans fá börnin margvíslega fræðslu um Vanessu, landið hennar og umhverfi. Leikskólinn Lækjarbrekka er Sólblómaleikskóli en það er leikskóli sem styrkir ákveðið barn í SOS Barnaporpi eða styrkir samtökin. Eldri borgurum er sérstaklega boðið á Vanessuhátíð.

Öðruvísi dagar

Öðruvísi dagar dreifast yfir árið og er þá valið eitthvert þema sem unnið er út frá s.s. einhver litur til að klæðast eða hlutur sem má taka með sér í leikskólann.

Einnig fylgjumst við með bæði alþjóðlegum og íslenskum þemadögum og vinnum með það umfjöllunarefni sem þeir bjóða upp á. Má þá nefna t.d. dag íslenskrar tungu, dag vatnsins.

Siðir og venjur

Afmæli

Börnin halda upp á afmælin sín í leikskólanum. Þau fá kórónu sem bæði starfsmaður og börn skreyta. Afmælisbarnið býður upp á ávexti og grænmeti og eru allir nemendur saman komnir við þetta tækifæri. Boðskortum í afmæli á ekki að dreifa í leikskólanum.

Dótadagar

Sex dótadögum verður á skóladagatali dreift yfir skólaárið 2023-2024. Þá fá börnin að koma með eitt leikfang með sér í leikskólann. Stríðsleikföng og leikföng sem gætu valdið slysum eru ekki leyfð. Engin ábyrgð er tekin á leikföngum að heiman.

Fleiri dótadögum og litadögum var bætt við dagskrána og þá auglýst á töflu og á fb. síðu.

Fastir fundir og fundaráætlun

Grunnskóli - Faglegt starf

Þriðjudagar klukkan 10:00-10:40

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð skipa deildarstjóri sérkennslu, deildarstjóri leikskóla, félagsmálastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og skólastjóri.

Þriðjudagar klukkan 14:30-16:00

Faglegt starf - Innleiðing Mentor, Innleiðing leiðsagnarmats. Námsvísar, kennsluáætlanir-skólanámskrá, námsmat vinna að Lær-Vest. Fjölbreyttir, einstaklingsmiðaðir kennsluhættir eru í forgrunni. Staðbundin vinna og samstarf kennara. Undirbúningur og úrvinnsla.

Miðvikudagar klukkan 14:30-16:00 Kennarafundir, og viðvera.

Kennarafundir eru annan og fjórða hvern miðvikudag í mánuði.

Kennarar vinna að gerð námsvísa og kennsluáætlana, undirbúningi og frágangi kennslu, skipulagi uppbrotsdaga og viðburða. Tími fyrir samstarf.

Lær- Vest námssamfélag kennara á Vestfjörðum þriðja hvern miðvikudag klukkan 14:00-16:00

Mið 23.ág skólabyrjun, útikennsla, listnámskeið og Barnamenning

Mið. 12. sept. Kennarafundur.Kosningar allir starfsmenn

- Trúnaðarmaður Kí, trúnaðarmaður kosinn annað hvert ár (oddatala), verkvest/fosvest

- Öryggistrúnaðarmaður/öryggisvörður
- Skólaráð tveir fulltrúar kennara annað hvert ár (oddatala árs)
- Skólaráð einn fulltrúi annars starfsfólks annað hvert ár (oddatala árs)
- Fræðslunefnd áheyrnarfulltrúi (oddatala árs)
- Stjórn starfsmannafélags þrjú fulltrúar starfsmanna
- Umhverfisnefnd skólans einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi kennara.
- Heilsueflandi skóli, einn fulltrúi starfsfólks

Mið. 27. Sept Kennarafundur. stoðþjónusta

Mið 11.okt - LærVest

Mið. 25.okt. Kennarafundur:ytra matsskýrsla, innra mat spurningalistar.

Mið 8.nóv Kennarafundur Kennarafundur: Samskipti, félagsleg staða áætlun um aðgerðir.Farið yfir árangur í lestri og samræmdum prófum. Viðmið um framfarir og að allir nemendur sýni framfarir milli prófa. Viðbrögð ef svo er ekki

Mið. 22. nóv. Kennarafundur/Nemendaverndarráð. Ungmennabúðir. Innra mat spurningalistar. Mat GGó um einstaklingsmiðað nám.

Mið.6 des Vinnuviðvera/.

Mið. 20. Des jólafundur

Mið. 3.jan skipulag

Mið. 17.jan Kennarafundur. Nemendaverndarráð. Viðvera:-Samskipti, félagsleg staða áætlun um aðgerðir. Undirbúningur foreldravíðtala

Fös 24. jan Sameiginlegur kennarafundur Hólmavík og Drangsnæs.

7. feb. Samráð allra kennara hvarrar bekkjardeildar með sérkennara og skólastjóra - leiðir og lausnir. Umsjónarmaður sérkennslu stýrir fundi. Niðurstöður samræmdra prófa og lestrarprófa - horft á framfarir hvers nemanda. Viðmið um árangur er að öllum nemendum fari fram milli prófa. Lausna og leiða leitað sé það ekki.

21. feb Viðvera, Samráð

1.-15. mars Starfsmannaviðtöl. Einstaklingssamtal skólastjóra við hvern starfsmann.

Frammistöðusamtal og áætlun næsta árs.

6. mars Árshátíðarvinna

10.apríl Skipulag.

17. apríl Undirbúningur, námsmat

8. maí Undirbúningur fyrir maí dagskrá

29. maí Litið um öxl

Starfsmannafundir í sameinuðum skóla - áætlun

15.ágúst. Skipulagsdagur, starfsmannafundur.

17.ágúst Námskeið á Hólmavík með nágrannaskólunum.

8.september Skipulagsdagur. Haustþing, ferð.

7.nóvember Skipulagsdagur. Námskeið, sameiginlegur fundur. Jákvæður agi. Grænfáni. Vinna á starfsstöð.

2. jan - Sameiginlegur fundur, vinna á starfsstöð

15. feb. - Námskeið, sameiginlegur fundur

26. apr - Námskeið, sameiginlegur fundur. Vinna á starfsstöð.

3. Júní Starfsmannafundir. Vinna á starfsstöð

Fram hefur komið ábending um að allir skipulagsdagar séu sameiginlegir vegna þess að þá á starfsfólk sem eru foreldrar leikskólabarna og yngri grunnskólubarna í vandræðum með að mæta. Fyrir suma foreldra er fjöldi daganna erfiður. Leitað verður leiða til að bregðast að einhverju marki við þessu í starfsáætlun 2024-2025.

Teymisfundir stoðþjónustu sameinaðs skóla

Fimmtudaga klukkan 14:30-16:00

Fundir hvers sérkennsluteymis eru á upb. fimm vikna fresti. Teymisfundir sitja umsjónarmaður sérkennslu, umsjónarkennari og stuðningsfulltrúi auk foreldra og stundum nemandi, tómskundafulltrúa og skólastjóra. Deildarstjóri sérkennslu stjórnar fundum. Fyrstu fundir hvers sérkennsluteyma eru að jafnaði á starfsdögum í ágúst.

Skipulagsdagar sameinaðs skóla

Skipulagsdagar í upphafi skólaárs:

15.ág.Nýir starfsmenn boðnir velkomnir. Farið yfir skóladagatal. Trúnaðaryfirlýsing undirrituð. Farið yfir starfslýsingar. Mentor.Undirbúningur.

15.ág Kynning fyrir nýtt starfsfólk

16. ág Undirbúningur kennslu

17.ág. Námskeið á Hólmavík með samstarfsskólunum.

18.ág.Undirbúningur kennslu

21. ág. Fundur -Bekkjjarbragur

8. sep. Haustþing

7. nóv. Skipulagsdagur, Fundur vinna í deildum.

2. Jan. Skipulagsdagur, undirbúningur

15. feb. Skipulagsdagur Fundur vinna í deildum.

26. apríl Skipulagsdagur Fundur, námskeið, vinna í deildum

2. maí Skipulagsdagur Fundur, námskeið, vinna í deildum

3.-5. júní Frágangur.Vorskýrslur. Mentor.

Samráðsfundir bekkjardeilda og fleira klukkan 8:05-8:25

Þriðjudaga - 1.-4. Bekkur, umsjónarkennari, stuðningsfulltrúi, sérkennsla

Miðvikudaga - 8.-10. bekkur umsjónarkennari, stuðningsfulltrúi, sérkennsla

Fimmtudaga 5.-7. bekkur umsjónarkennari, stuðningsfulltrúi, sérkennsla

Fundir með foreldrum

14. sept. Kynningarfundur leikskóla, skóladagatal, deildaskipulag klukkan 18:00

Foreldraviðtöl grunnskóla

15. nóv. Foreldraviðtöl - nemendur á skólapingi.

19. feb. Nemendastýrt foreldraviðtal- nemendur mæta með foreldrum í viðtalið og stjórna því. Nemendur undirbúa og æfa kynningu fyrir foreldra sína, allir foreldrar verða sérstaklega hvattir til að mæta. Kynningin verður sérstakt verkefni og viðmið sett um árangur.

22. maí Foreldraviðtöl - nemendur á skólapingi.

19.október Foreldraviðtöl leikskóla

26.febrúar Foreldraviðtöl leikskóla

Foreldraviðtöl í leikskóla fara fram á einum degi skólastjóri og deildarstjóri stýra fundum og taka á móti foreldrum ásamt starfsfólki. Rafræn viðhorfskönnun

Af ábendingum foreldra má meta að nauðsynlegt sé að halda kynningarfund um leiðsagnarmat, námsmat og notkun Mentor. Kynning á námsvísunum, jákvæðum aga, bekkjarfundum og bekkjarskipulagi og fleiri þáttum í skólastarfinu. Sáttmáli um samskipti heimila og skóla í anda farsældarlaga og samræmi í ýmsum þáttum t.d. varðandi símanotkun og samskipti nemenda.

Starfsáætlun fræðslunefndar

Fundir fræðslunefndar eru 6 sinnum á ári.

Fræðslunefnd 2023-2024 hefur ekki uppfært starfsáætlun sína hvað varðar tímasetningar.

Fræðslunefnd vinnur að nýrri starfsáætlun fræðslunefndar að vori 2024 eftir leiðbeiningum skólajónustu Ásgarðs. Starfsáætlun verður væntanlega samþykkt í júní.

Starfsdagar að vori

Kennarar ganga frá vorskýrslum og þeim safnað í ársskýrslu skólans. Form fyrir vorskýrslur er í sameiginlegu skjali kennara og skólastjóra. Vorskýrslur kennara birtast í mati á starfsáætlun hvers árs. Kennarar og stuðningsfulltrúar fara yfir einstaklingsnámskrár með sérkennara og ganga frá sérkennsluskýrsla. Teymisfundir í lok árs.

Frágangur á kennslustofum og kennslugögnum.

Facebook

Einn Facebook hópur eru virkur og tengist grunnskólastarfinu beint. Hann inniheldur allt starfsfólk skólans, kennara og aðra starfsmenn sem tengjast börnunum. Aðeins eru sett inn almenn skilaboð og hugmyndir en fyllstu persónuverndar gætt. Tveir leikskólahópar á FB foreldrahópur og starfsmannahópur. Ætlaðir fyrir almenn skilaboð.

Teymisvinna - faglegt starf

Gerð námsvísa og skólanámskrár og innleiðing fjölbreyttra kennsluhátta, matsviðmiða, hæfniviðmiða og fjölbreytts námsmats. Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í forgrunni. Námsvísar til þriggja ára 2023-2026 eru á heimasíðu

Sameining

Sameiginleg starfsáætlun leik-, grunn- og tónskóla hefur verið fest í formi með sameiginlegri áætlanagerð fyrst 2021-2022, aftur ár 2022-2023 og nú 2023-2024.

Sérstakar áherslur

-Skólaárið 2022-2023 var lögð áhersla á að ljúka við gerð heildstæðra námsvísa og þeir birtir í skólanámskrá á heimasíðu eins og kennsluáætlanir fyrir allar greinar.

[Innra Mats skýrsla](#) fyrir árið og til langs tíma

Samstarf skóla þvert yfir landið undir forystu Ásgarðs - Valgreinaskólinn.

Samstarf við Grunnskólann á Drangnesi

Innleiðing skólakerfis Mentor. Viðhalda þekkingu í jákvæðum aga.

Samstarf grunnskóla á Hólmavík, Drangnesi, Reykhólum og í Búðardal.

Í upphafi skólaárs var lokið við gerð heildstæðra námsvísa til þriggja ára og eru þeir birtir á heimasíðu.

Í vetur náðist ekki að halda námskeið um jákvæðan aga og brýnt að færa það til hausts 2024. Samstarfi skólanna á Drangnesi og Hólmavík verður gerð sérstök skil í skýrslu í júní.

-Leikskóli

Gerð skólanámskrár og deildarnámskráa.

Skilaboð til foreldra gerð skýrari og fundaáætlun sett upp. Sérstök áhersla á markvisst samstarf við foreldra.

Áætlanagerð leikskóla og grunnskóla fari í sameiginlegan farveg.

Áhersla á stuðning við ófaglært starfsfólk með uppsetningu skipulags og námsvísa sem auðveldar ófaglærðum að ganga inn í.

Skólanámskrá og deildarnámskrár eru tilbúnar og verða settar á heimasíðu.

Ófaglærðu starfsfólki stóð til boða nám til menntunar leikskólakennara við HÍ og HA og það er aftur í boði næsta vetur.

Skólanámskrá og deildarnámskrá, dagskipulag er til og var kynnt. Alltaf er unnið að því að bæta það til að auðvelda nýju starfsfólki að ganga inn í það.

Starfsfólk setti sér markmið um að bæta móttöku barnanna og gera þeim þannig auðveldara

að ganga inn í starfið að morgni.

Skipulag sameinaðs skóla

Stjórnskipulag skólans og skipurit

Skipurit

Skipurit sameinaðs skóla birtist á heimasíðu [hér](#)

Skipurit þarfnast uppfærslu fyrir starfsáætlun 2024-2025, vegna tónskóla, leikskóla þar sem starfsheitið er deildarstjóri tónskóla og leikskóla eins deildarstjóri sérkennslu/nemendapjónustu.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

<http://www.heimilogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>

Skólaráð sameinaðs skóla.

Skólaráð sameinaðs skóla í Strandabyggð er er samráðsvettvangur skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótnun sérkenna hans. Skólaráð fjallar t.d. um skóladagatal, skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun og aðrar áætlanir sem gerðar eru um skólastarfið.

Skólaráð fær til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar sem kunna að verða á skólahaldi og starfsemi skólans áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist einnig almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Fundargerðir Skólaráðs eru birtar eftir hvern fund á vefsíðu skólans.

Fulltrúar sameiginlegs skólaráðs 2023-2024

Skólastjóri stýrir skólaráði.

Fulltrúar nemenda: Kristbjörg Lilja Grettisdóttir og Ingvar Þór Pétursson

Fulltrúi foreldra grunnskóla: Björk Ingvarsdóttir

Fulltrúi foreldra leikskóla: Elín Ingimundardóttir

Fulltrúar kennara grunnskóla: Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, varamaður Vala Friðriksdóttir.

Fulltrúi kennara leikskóla: Barbara Guðbjartsdóttir

Fulltrúi almennra starfsmanna: Halldóra Halldórsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Íris Björg Guðbjartsdóttir

Skólaráð kom saman til skipulagðs fundar í maí og mun halda fundi í júní og ágúst og fylgja síðan funda og starfsáætlun skólaárs 2024-2025. Gengið verður frá ársskýrslu skólaráðs í júní.

Funda- og starfsáætlun sameinaðs skólaráðs Grunnskólans á Hólmavík

25. september. Skólaráðs. Funda- og starfsáætlun rædd og uppfærð ef þörf er á. Starfsáætlun skólans yfirfarin og athugasemdir teknar fyrir. Kennslufyrirkomulag útskýrt. Fyrirkomulag kynningarfunda og viðtala kennara, foreldra og nemenda yfirfarið og rætt. Mötuneytismál. Fristund í 1.-4. bekk kynnt.

23. október Foreldrafélag, kynna samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun. Heimanám, starfshættir nemendaverndarráðs, fjárhagsáætlun.

27. nóvember. Námsmarkmið skólans m.t.t. aðalnámskrár, framkvæmd agastefnu, nemendafélag, hagsmunamál nemenda. Sérfræðipjónusta, námsaðlögun, kennsluaðferðir, niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa. Námsmat.

Staða list- og verkgreinakennslu, starfsþróunaráætlun, starfsmannastefna.

25. mars. Viðmiðunarstundaskrá, niðurstöður starfsmannasamtala. Námsmat. Samstarf heimila og skóla. Stundaskrárramma næsta vetrar, valgreinar, starfsmannauglýsingar skóladagatal næsta vetrar. Staða list- og verkgreinakennslu, starfsþróunaráætlun, starfsmannastefna.

29. apríl. Innritun nemenda, ráðningar starfsmanna, forvarnaráætlun, skólareglur, umhverfisstefna, niðurstöður kannana. Sjálfsmatsáætlun. Skipan bekkjardeilda og starfsmannateyma næsta vetrar, skólahúsnæði og skólalóð, öryggi og aðbúnaður, staða framkvæmda við skólann. innkaup námsgagna, matsvinna.

7.júní. ársskýrsla, drög að starfsáætlun og skóladagatali næsta árs

Fara þarf yfir texta og laga fyrir starfsáætlun 2024-2025, sumt er tvítalið.

Kennsluskipan

Stundaskrár nemenda eru nú settar upp í mentor.is og eru aðgengilegar nemendum og foreldrum þar.

Skólinn nýtir öruggt svæði Google G suite og tiltæk verkfæri þar. [Námsvísar](#) til þriggja ára birtast á heimasíðu skólans.

Samkennsla árganga

Skólaárið 2023-2024 verður samkennsla sem hér segir:

- 1.-3. bekkur,
- 4.-6. bekkur,
- 7.-10. bekkur

Skipulag skólaárs 2024-2025 var samþykkt á fræðslunefndarfundum í maí að færa samkennslu í það horf að 1.-4. bekkur, 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur væru saman í samkennslu. Það er í samræmi við aðalnámskrá Grunnskóla og þá er hver bekkjardeild með jafnlangan tíma í kennslu hvernar viku. 1.-4. bekk yrði þá kennt í teymi tveggja kennara með skiptitímum. Fer betur saman við skipulagt tómsundastarf á mismunandi stigum.

Tímamagn

- 1.-4. bekkur 30 kestim
- 5.-7. bekkur 35 kestim
- 8.-10. bekkur 37 kestim

Í samræmi við aðalnámskrá Grunnskóla.

Tilhögun kennslu, kennsluaðferðir og kennsluáætlanir allra árganga

Kennarar vinna að gerð námsvísa út frá grunnpáttum menntunar með áherslu á samþættingu námsgreina og hæfnimiðað nám. Hverjum námsvísi er skipt upp í sex tímabil yfir skólaárið þar sem einn grunnpáttur menntunar er útgangspunktur hverju sinni (heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, læsi, sköpun, sjálfbærni, jafnrétti). Hverju tímabili fylgir svo ítarleg kennsluáætlun þar sem gerð er grein fyrir viðfangsefninu, samþættingu námsgreina, hæfniviðmiðum námskrár, fjölbreytni í kennsluaðferðum sem og skipulagi náms og námsmats. Námsvísar til þriggja ára sem birtast á heimasíðu, [hér](#).
Ráðgjafi Ásgarðs vinnur með kennarahópi á miðvikudögum á fjarfundi LÆRVEST.
Eftir því sem skipulagið liggur fyrir verður það kynnt nemendum, foreldrum og skólasamfélaginu

Markmið og viðmið um árangur prófa.

ATH. Samræmd könnunarpróf í þeirri mynd sem þau hafa verið hafa nú verið lögð niður og ný stofnun vinnur að samræmdu hæfnimiðuðu námsmati í öllum greinum.

Markmið Grunnskólans á Hólmavík er að öllum nemendum fari fram á milli samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk. Það er viðmið um góðan árangur að hverju barni fari fram við reglubundnar mælingar. Þetta á einnig við um niðurstöður lestrarprófana sem fara fram í september, janúar og maí. Fari nemendum ekki fram eru gerðar sérstakar áætlanir um hvernig bregðast skal við í hverju tilfalli.

Gert er ráð fyrir fleiri reglulegum prófunum MMS á næsta/næstu árum. Áætlanir um viðbrögð eru unnin með sérkennara og kennarahópnum. Foreldrar eiga að vera hafðir með í ráðum og taka þátt í viðbragði, námsátaki eða tímabundinni þjálfun.

Viðmiðunarstundaskrá

Stundaskrár nemenda:

Tilhögun kennslu er í samræmi við [aðalnámskrá grunnskóla](#).

Sambætting námsgreina, þemavinna og lotubundin námskeið á mismunandi tíma einkenna stundaskrár Grunnskólans á Hólmavík. Þannig er til dæmis upplýsinga- og tæknimennt sambætt öðrum námsgreinum og samfélagsfræði kenndar með mismunandi lotubundnum áherslum.

Viðmið um árangur

Kennarar setja viðmið um árangur hvers verkefnis til að auðvelda nemendum og foreldrum að átta sig á hvernig verkefni tengjast viðmiðum í hæfnikorti nemandans og til að auðvelda sér námsmat. Að setja viðmið um árangur tengist betri bekkjarbrag.

Hæfniviðmið nám og viðmið um árangur í hverju verki þarfnast meiri kynningar fyrir foreldra og jafnvel nemendur. Kynningarfundur haustið 2024.

Námsmat

Nemendur og foreldrar fá lykilorð að mentor.is þar sem þau geta fylgst með stundaskrá og ástundun hvers nemanda. Foreldrar geta fylgst með verkefnavinnu nemenda og hæfni sem hver og einn nær að tileinka sér á hæfnikorti nemanda. Reglulega er fært inn í mentor eftir því sem verkefnum, þemum eða lotum lýkur.

Námsmat er liður í skipulagi kennslu og kennsluáætla. Megináhersla er lögð á að horft verði á framfarir hvers og eins nemanda og að til grundvallar liggi gott safn af öruggum heimildum um framfarir hvers og eins.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat.

Viðhaft skal leiðsagnarmat.

Yfirlit yfir fjölbreytt námsmat

- Nýtt námsmat útskýrt - hæfniviðmið og matsviðmið
 - Leiðsagnarmat
 - Sjálfsmat
 - Jafningjamat
 - og fleira
- Tímasett skema um matsform eftir árgöngum
- Lesferill tímasetningar
- Aðrar lestrarmælingar
- Samræmd próf

Viðmið um hlutfall kennsluhátta og námsmats

Starfsfólk Grunnskóla Hólmavíkur hefur sett sér það markmið að bjóða upp á framúrskarandi skólastarf og tryggja meðal annars að **fjölbreyttir kennsluhættir** og **námsmat** birtist með skýrum hætti í skólastarfinu. Kennarar hafa sett sér viðmið um hlutfall kennsluhátta og námsmats til að koma sem best til móts við fjölbreyttar þarfir nemendanna.

Kennsluaðferðir

Kennarar hafa einsett sér að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar. Kennsluaðferðir við Grunnskólann á Hólmavík teljast fjölbreyttar þegar aðferðir aðrar en bekkjarkennsluaðferðir eru markvisst notaðar 75% af náms og kennslutíma nemenda. Bekkjarkennsluaðferðir séu ekki notaðar í meira en 25% af náms og kennslutíma allra árganga.

Hér fyrir neðan er listi með hugmyndum að kennsluaðferðum, hann er ekki tæmandi og verður endurskoðaður reglulega.

Bekkjarkennsluaðferðir, bein kennsla

Bekkjarkennsluaðferðir (bein kennsla, útlistunarkennsla kennslubókarkennsla og umræðuaðferðir) eiga við þegar kennarinn stendur fyrir framan nemendahópinn og kynnir, útskýrir, sýnir myndband, heldur fyrirlestur, skrifar á töflu, tekur nemendur upp að töflu, stjórnar umræðum og fleira. Nemendur sitja í sætum sínum og fylgjast með, vinna í vinnubókum, vinna verkefni eða taka þátt í umræðum. Allir eru að fást við sömu viðfangsefnin.

Innlifunaraðferðir:

Leikræn tjáning er samheiti yfir aðferðir sem byggja á því að nemendur sjái fyrir sér hluti, lifi sig inn í aðstæður eða setji sig í spor annarra. Þessar aðferðir byggja á því að nemendur tjái sig með myndrænum eða leikrænum hætti og lifi sig inn í líf fólks, til dæmis landnámsmanna.

Verkefni sem byggja á annarri listrænni úrvinnslu og sköpun falla einnig hér undir.
(Hlutverkaleikir (Role Play, Sagnalist))

Leitaraðferðir

Með leitaraðferðum er átt við aðferðir þar sem leitast er við að líkja eftir fræðilegum vinnubrögðum. Markmið er að virkja nemendur í að vinna vísindalega, afla upplýsinga í viðtölum, með vettvangsathugunum og náttúruskoðunum, tilraunum, heimildavinnu, greiningu á gögnum o.fl. Kennari leiðir kennsluna áfram með hliðsjón af því hver viðbrögð nemenda verða.

- Efniskönnun (Project-Based Learning)
- Heimildavinna (Resource Based Learning)
- Lausnaleitarnám (Problem-Based Learning, skammstafað PBL)
- Phenomenon based learning
- Vefleiðangrar (WebQuest)
- Leitarnámsaðferðir (Inquiry)
- SOLE - Stórar spurningar.

Sjálfstæð skapandi verkefni

Með sjálfstæðum skapandi verkefnum (t.d. þemanám, söguaðferðin, landnámsaðferðin) er átt við þegar nemendur vinna upp á eigin spýtur (eða í hópum) að skapandi verkefnum sem þeir eiga verulegan þátt í að skapa og þróa. (Landnámsaðferðin (kennsluaðferðir Herdísar Egilsdóttur, Söguaðferðin (Storyline)).

Hópvinnuaðferðir:

Með hópvinnubrögðum er átt við þegar nemendum hefur verið skipt í hópa. Hóparnir vinna að hvers konar verkefnum sem kennarinn hefur skipulagt. Kennarinn fer á milli hópanna og aðstoðar eftir þörfum. Samvinnunám og markviss samvinna er mikilvæg aðferð við að ná fram árangri umfram væntingar (Púslaðferðin (Jigsaw, Samvinnunám (Cooperative Learning)).

Aðrir flokkar:

- Einstaklingskennsla / einstaklingsmiðað nám
- Fjölpækakennsla (Multilevel Instruction)
- Kennsluaðferðir í anda fjölgreindarkenningarinnar
- Kennsluaðferðir byggðar á niðurstöðum heilarannsóknna (Brain Based Instruction)

Námsmat

Samhliða viðmiðum um fjölbreyttar kennsluaðferðir hafa kennarar sett viðmið um fjölbreytt námsmat. **Leiðsagnarmat** skal almennt nýta til þess að leggja mat á þau fjölbreyttu verkefni sem verða til með fjölbreyttum kennsluaðferðum enda er kennsla og námsmat órjúfanleg heild. Leiðsagnarmat á að stuðla að því að nemendur læri af áhuga og nám snúist ekki um ytri umbun

eða samkeppni. Nemendur fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í eigin námi og beri mikilvæga ábyrgð. Samvinna er í fyrirrúmi á milli nemenda, foreldra og kennara.

Gert er ráð fyrir að námsmatið fari fram jafnt og þétt yfir allan veturinn og lítil áhersla sé lögð á lokamat. Miðað er við að að minnsta kosti 75% alls námsmats fari fram með fjölbreyttum aðferðum sem falla undir leiðsagnarmat - til einföldunar, aðferðum sem gera öllum nemendum kleift að ná markmiðum sínum með tímanum. Kennarar hafa sett sér að leggja sig fram um að byggja upp markvisst og fjölbreytt safn sönnunargagna um samfelldar framfarir á mörgum sviðum.

Lokamat verði ekki meira en 25% af því mati sem fram fer í skólanum.

Hér fyrir neðan eru skýringar á helstu hugtökum og aðferðum sem tengjast námsmati í Grunn og tónlistarskólans á Hólmavík. Listinn er ekki tæmandi og verður endurskoðaður ár hvert.

Lokamat

Verkefni og próf sem fela í sér fjölvalsspurningar, rétt eða rangt, spurningar og eyðufyllingar. Kaflapróf, eyðufyllingar, skrifleg próf eða lokaverkefni af öðru tagi, skrifleg, munnleg eða verkleg. Matsaðferðir við lokamat byggjast á settum markmiðum en matið krefst jafnan einhvers konar hlutlægra mælinga sem felast í hefðbundnu námsmati eins og skriflegum prófum eða lokaverkefnum af öðru tagi, skriflegum, munnlegum eða verklegum. Lokamat er fyrst og fremst notað til að gefa nemendum einkunnir og staðfesta hvort þeir hafi náð settum markmiðum sem námið beindist að, oft þekkingarmarkmiðum.

Nemendamöppur

Sýnismöppur, verkmöppur eða ferilmöppur þar sem verkum nemenda er safnað markvisst með það að meginmarkmiði að fylgjast með framförum nemenda. Nemendamöppur geta verið mappa í tölvu, vefsíða, blogg eða tímaritabox. Safnið er getur samanstaðið af verkum sem nemandinn velur, forsjáraðili eða kennari. Meginþráðurinn í safni nemandans er oftast skipulagt af kennara og ákveðin verkefni lögð fram til að fylgjast markvisst með framförum nemandans.

Víðtækt frammistöðumat

Víðtækt frammistöðumat getur verið öflugt leiðsagnarmat og mikilvægt þegar verið er að meta hvernig nemendur beita þekkingu sinni og leikni, sýna hvað þeir hafa raunverulega lært og að þeir geti sett það fram hugmyndir sínar og kunnáttu á mismunandi hátt. Í frammistöðumati eru fjölbreytt verkefni mátuð við ákveðin viðmið - fyrirfram ákveðin og segja til um hvort og hversu vel nemandi hefur tekist til við verkefnið miðað við þau. Verkefnin geta bæði verið einstaklingsverkefni og hópverkefni, samræður, upplestur, kynningar, listaverk eða tilraunir með raunveruleg úrlausnarefni.

Uppskeruhátíðir

Sýningar, kynningar, gestakvöld, foreldrakvöld, hátíðir, ráðstefnur, málstofur, málþing. Meginatriði er að nemendur taki virkan þátt í að móta það sem í boði er. Hægt að meta með frammistöðumati.

Marklistar - sóknarkvarðar

Marklista má nota til sem grundvöll fyrir því að nemandinn sjálfur geti mátað sig sjálfur við skýr viðmið um stöðu sína. Einföld leið er að umorða hæfniviðmið á marklistum sem nemendur hafa til hliðsjónar og leggja jafnharðan mat á sína eigin getu. "Ég get túlkað, greint frá og lagt mat á..." og svo hengja nemendur við verkefni sín - eða sönnun á því að viðkomandi viðmiði hafi verið náði. Góð leið til þess að kenna nemendum að leggja mat á sína eigin hæfileika.

Nemendastýrð foreldraviðtöl (Student-led Conferences).

Regluleg aðkoma foreldra að námi barnanna sinna er bæði lýðræðisleg og nauðsynleg. Foreldrar eru sérfræðingar í að þekkja börnin sín og foreldraviðtöl sem nemendur stjórna eru skemmtileg tæki til þess að byggja upp jákvætt og nauðsynlegt samstarf nemenda, kennara og forsjáraðila.

Fleiri námsmatstæki

- Sjálfsmat margvíslegt
- Jafningjamat
- "Game based assessment"
- Atvikaskráningar
- Gátlistar og margt fleira.

Einstaklingsmiðað nám

Kennarar í Grunnskólans á Hólmavík hafa einnig einsett sér að skara fram úr við útfærslu einstaklingsmiðaðs náms. Fámennur skóli hefur þá sérstöðu að hafa árum saman kennt árgöngum saman og tekið mið af þörfum hvers og eins þó það hafi ekki verið formlega sett fram til þessa.

- Flestir eða allir nemendur setja sér áætlanir í samvinnu við kennara og forsjáraðila með markmiðum fyrir námslotu eða tímabil.
- Sama þema fyrir stærri hópa en viðfangsefni eru mismunandi ýmist eftir áhuga eða getu.
- Námsaðferðir eru í takt við markmið hvers og eins nemanda og nemendur þekkja smán saman sinn námsstíl.
- Hópaskipting er fjölbreytt og áhersla lögð á samvinnu jafnt sem sjálfstæð vinnubrögð.
- Námsmat er einstaklingsmiðað og nemandinn er virkur þátttakandi í því.
- Sérstaklega er fylgst með framförum

Skimanaáætlun leikskóla

http://www.strandabyggd.is/stefnur_og_mat_2/laesisstefna/

Læsisstefna

Grunnskólinn á Hólmavík og Leikskólinn Lækjarbrekka hafa gert með sér sameiginlega læsisstefnu. Hún er birt á heimasíðu skólanna. [Hér](#)

Læsisstefna Sameinaðs skóla þarfnast endurskoðunar. Stefnt á vetur 2024-2025. Skimunaráætlun leik- og grunnskóla er yfirfarin og uppfærð á hverju hausti í samráði við kennara.

Heimanám eftir árgöngum

Heimalestur er fastur liður í heimanámi allra nemenda Grunnskóla Hólmavíkur. Fyrir yngri nemendur er yfirleitt kvittað fyrir lesturinn en ábyrgð nemenda á heimalestrinum eykst eftir því sem nemendurnir eldast. Annað heimanám er yfirleitt í samráði við nemendur og þá er lögð áhersla á að vinna verkefni eða ljúka verkefnum sem ekki tekst að klára í skólanum.

Eldri nemendur nýta google classroom

Val nemenda í 7.–10. bekk

Nemendur í 7. til 10 bekk velja 6 tíma í frjálst val. Allir velja eina greina í Valgreinaskólanum.

Skólaárið 2023 til 2024 stendur valið um eftirfarandi greinar:

Unnið er að skipulögðu framboði valgreina og verður það tekið fyrir og afgreitt á skipulagsdögum í ágúst

Nemendur tóku ekki þátt í Valgreinaskólanum 2023-2024. Aukið samstarf var við atvinnulífið um valgreinar. Nemendur kynntu sér þá ýmis störf: Beitning, verslunarstörf, aðstoð í leikskóla eða frístund. Umsjónarkennari valgreina var þá í samráði við stofnanir og starfsvettvang um framgang nemenda og ástundun. Nemendur tóku valgreinar innan áhugasviðs síns af ýmsu taki, Lego league í samstarfi við Dranganes, íþróttir og félagsstörf. Skipulagt framboð valgreina verður afgreitt á skipulagsdögum í ágúst. Hæfniviðmið sett og viðmið um árangur.

Móttökuáætlun nýrra nemenda

Móttökuáætlanir eru endurskoðaðar reglulega. Móttökuáætlanir fyrir alla nemendur skólans eru á heimasíðu.

Áætlanir er varðar nýja nemendur í grunnskólanum má sjá [hér](#) á heimasíðu skólans.

Móttöku- og aðlögunaráætlun nýnema í leikskólanum má sjá hér á heimasíðu leikskólans: [Strandabyggð \(strandabyggd.is\)](http://Strandabyggð(Strandabyggd.is))

Móttökuáætlanir þarf að endurskoða í heild sinni, uppfæra orðalag og samræma og festa móttöku nýrra nemenda í formi.

Samstarf grunn- og framhaldsskóla

Umsjónarmanni dreifnáms er boðið í grunnskólann að kynna dreifnámið fyrir nemendum á unglingastigi á haustönn. Grunnskólanemum er boðið í kennslustundir í dreifnámið og sameiginlega viðburði í dreifnámsveri. Dreifnemum hefur verið boðin þátttaka í viðburðum grunnskólanema svo sem uppsetningu á leikritum.

Nemendum grunnskóla er boðið í dreifnámið á vorönn og þá einnig boðið að taka þátt í kennslustundum og kynningu fjölbrautaskólans á Sauðárkróki.

Enginn umsjónarmaður var með dreifnemum á Hólmavík en skólinn býður til kynningar á vorönn. Fjölbrautaskólinn við Ármúla bauð nemendum að taka framhaldsskólaáfangu og nemendum með framúrskarandi árangur í einstökum greinum bauðst að taka fjarnám við FÁ. Nemendur skrá sig í gegnum grunnskólann og vinna að fjarnáminu heima og í grunnskólanum. Þetta gerðu 3 nemendur í unglingadeild sem tóku áfangu í stærðfræði, dönsku og þýsku. Áframhald verður á þessu skólaárið 2024-2025.

Sameining leik- og grunn- og tónskóla

Skólarnir voru sameinaðir um áramót 2019-2020 og hafa starfað eftir ákveðnu skipuriti síðan, sjá [hér](#). Skipuritið verðu endurskoðað haust 2023.

Þarft að breyta starfsheitum deildarstjóra á skipuritinu fyrir starfsáætlun 2024-2025. Sjá ofar.

Tónskóli

Sameinaður grunn- og tónskóli samnýta húsnæði og skólastjóri er sameiginlegur auk þess sem aðstoðartónlistarskólastjóri stýrir daglegu starfi tónskóla. Haldnir eru tónleika í desember og maí þar sem nemendur koma fram. Nemendur taka einnig þátt í viðburðum grunnskólans til dæmis

Litlu jólum og við uppsetningu leikrita ef þannig ber við. Kennarar grunn- og tónskóla eru þá í samstarfi um æfingar og sýningar.

Deildarstjóri Tónskóla hefur fyrir jól útsett, æft og tekið upp eitt jólalag með Barnakór Strandabyggðar.

Nemendur Tónskóla hafa frá vori 2022 komið fram á skólaslitum.

Tónskóli tekur þátt í Frístund í 1. -4. bekk með því að bjóða upp á skólakór og tónfræði og samspil á tíma Frístundar.

Tónskóli sér einnig um valgrein Rokkband.

Skólanámskrá Tónskólans : <http://www.strandabyggd.is/tonskolinn/skolanamskra/>

Ekki náðist að manna tónlistarkennslu og var auglýst fram eftir hausti og svo aftur snemma vors. Í nóvember bauð tónlistarkennari fram krafta sína og sinnti kennslu sjö nemenda tímabundið til vors.

Setja þarf kraft í auglýsingar.

Tónskólinn

Tónskólinn innheimtir Tónskólagjöld. Upphæð þeirra má sjá [hér](#)

Nemendafélag

Viðfangsefni skólaársins 2022-2023 verður að útbúa sameiginlega starfsáætlun fyrir félagsmiðstöðina Ozon og nemendur Grunnskólans á Hólmavík og bera undir skólastjóra.

Starfsáætlun verði framvegis lögð fram til endurskoðunar á hverju hausti og sem reglulegur hluti af starfsáætlun og samstarfi Grunnskólans á Hólmavík og félagsmiðstöðvarinnar Ozon.

Endurskoða þarf lög nemendafélagsins og birta á heimasíðu skólans. Sú vinna er hafin og henni þarf að ljúka í upphafi hausts 2023.

Taka þarf viðburði á vegum skólans inn í starfsáætlun s.s. ferðalög, starfskynningar, Stóru upplestrarkeppnina, og svo framvegis.

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Núgildandi starfsreglur Nemendafélags Grunnskólans á Hólmavík eru á vefsíðu skólans og verða uppfærðar þegar endurskoðun er lokið.

Verkefni nemendafélagsins er að setja þarf upp nánari verkefnalista, markmið og fundaáætlun. Skólastjóri fundi með nemendafélagi einu sinni í mánuði, skólaárið 2022-2023.

Kjósa þarf stjórn nemendafélags í september 2022.

Þessu verkefni er ekki lokið. Haldið var skólaþing á haustönn með þátttöku allra nemenda og stefnan fyrir skólaár 2022-2023 er að halda skólaþing undir yfirskriftinni Góður bekkjarbragur-Betri skóli. Annað skólaþing yrði haldið að vori til að gera upp veturinn.

Skólaþing var haldið að hausti og fjallað um samskipti - betri skóla.

Stjórn nemendafélags var kosin.

Nemendaþing að vori tók fyrir málefni umhverfis skóla. Skólavöllur - betri skóli.

Niðurstöður verða kynntar fyrir skólasamfélaginu í júní og sendar fræðslunefnd.

Foreldrafélag

Endurskoða þarf hlutverk og lög foreldrafélags og sameina foreldrafélag leik- og grunnskóla vegna sameiningar skólanna. Foreldrafélögin voru sameinuð 2021.

Starfsáætlun

Á starfsárinu verður foreldrafélaginu falið að skrá hjá sér starfsáætlun til tveggja ára sem nýtist í starfi félagsins. Markmiðið verði að starfsáætlun foreldrafélagsins verði fastur liður í starfinu að hausti. Stjórn félagsins skipar deildarfulltrúa og skipuleggur starf foreldrafélagsins að öðru leyti.

Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2023-2024

Stjórnin skiptir með sér eftirfarandi embættum

Jón Örn Haraldsson formaður

Jóhanna Rósmundsdóttir ritari

Björk Ingvarsdóttir gjaldkeri

Esther Ösp Valdimarsdóttir meðstjórnandi

Ágúst Helgi Sigurðsson meðstjórnandi

Fulltrúar í skólaráði:

Björk Ingvarsdóttir fyrir grunnskólaforeldra

Elín Ingimundardóttir fyrir leikskólaforeldra

Fulltrúi foreldra í fræðslunefnd:

Esther Ösp Valdimarsdóttir

Fulltrúi foreldra í umhverfisnefnd:

Ágúst Helgi Sigurðsson

Deildarfulltrúar:

Leikskóladeild

1.-3. bekkur

4.-6. bekkur

7.-10. bekkur

Foreldrafélag hefur ekki valið deildafulltrúa

Netfang foreldrafélagsins er:

Lög foreldrafélags:

Samskipti heimila og skóla, foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl verða 15. nóvember og 22. maí og nemendastýrð foreldraviðtöl í febrúar

Einn til tveir fræðslufundir fyrir foreldra á hverjum vetri á vegum skólans. Foreldrum er boðið til þátttöku í viðburðum skólans.

Foreldrum ætti að bjóða reglulega á kynningar nemenda á lokaverkefnum.
Stefnt er að fræðslufundi SAFT um símanotkun í ágúst 2024 og samstarfi um sáttmála.
Stefnt er á fræðslu frá Samtökunum 78 haustið 2024 að höfðu samráði við BUGL.
Kynningarfundum um hæfnimiðað nám, hæfniviðmið og viðmið um árangur.
Námskeið um jákvæðan aga er líka í athugun.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl í grunnskólanum eru þrisvar á ári í nóvember, febrúar og maí. Hvert viðtal er 20 mínútur, sé þörf á lengri tíma er fundinn nýr tími.

Foreldrum er alltaf velkomnið að hafa samband við skóla og biðja um viðtal við kennara eða skólastjóra 451 3430 og er þá fundinn tími til fundar eða samtals

Kynningarfundir bekkjardeilda eru í upphafi skólaárs. Þar er farið yfir skipulag kennslu í hverjum bekk, skimanir og próf sem eru lögð fyrir og áhersla lögð á lestur og læsi. Frístund er kynnt sömuleiðis sýn og stefna skólans, skólareglur og jákvæður agi.

Foreldraviðtöl í leikskólanum eru tvisvar sinnum á ári. Fyrri viðtalið er í byrjun hausts en það síðara er að vetri til. Foreldraviðtölin eru vettvangur til að fara yfir stöðu barnsins. Vakin er athygli á því að foreldrum er ávallt velkomnið að fá viðtal oftast ef þeir vilja. Einnig óska deildarstjórar eftir viðtali ef þeir telja þörf á.

Forvarnir

Samskiptaáætlun, félagsleg staða nemenda

Félagsleg staða nemenda í nemendahópnum er metin af starfsfólki skólans og gerð áætlun um hvernig megi styrkja hana sé hún ekki nógu góð.

Þá er gerð aðgerðaáætlun til að bæta samskiptin sé þeim ábótavant. Með þessu verður byggt undir veikleika og einblínt á styrkleika hvers og eins. Að sama skapi fer fram sjálfskoðun hvers kennara á eigin jákvæðum/neikvæðum samskiptum við nemendur.

Sérstakir fundir alls starfsfólks fara yfir félagslega stöðu og vinna aðgerðaáætlun. Þessir fundir eru þrisvar á vetri, dagsetningar þeirra eru í fundaáætlun. Umsjónarmaður sérkennslu stýrir þessum fundum.

Markmiðið með þessari vinnu er að það þurfi aldrei að virkja eineltisáætlunina.

Nemendur hafa tekið tengslakannanir tvisvar á ári og jafnvel oftar sé þess talin þörf. Markmiðið er fylgjast með stöðu nemenda og líðan þeirra í hópnum. Aðgerðaáætlun skal unnin og fylgt eftir, foreldrar taki þátt í aðgerðum til úrbóta eftir þörfum.

Eineltisáætlun

Nemendaverndarráð þjónar hlutverki eineltisteymis og tekur eineltisáætlun til endurskoðunar annað hvert ár.

Eineltisáætlun má sjá í heild sinni [hér](#).

Þarfnast endurskoðunar 2024-2025 í samræmi við farsældarlög og nemendaverndarráð.

Þróun og starfsþróun

Þróunarverkefni

Strandabyggð hefur gert samning við Ásgarð ehf um ráðgjöf og stuðning við framkvæmd lögbundinnar þjónustu við nemendur í Strandabyggð.

Unnið er að gerð nýs samnings Strandabyggðar við Ásgarð, júní 2024

2018

Ljúka læsisstefnu og nýta niðurstöður í þágu hvers barns og á forsendum þess Formfesta gerð starfsáætlunar og endurskoðun helstu áætlana
Innleiðing fjölbreyttra einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og leiðsagnarmat.
Stjórna skólanámskrágerð og koma að innleiðingu
Grænfáninn og umhverfisvernd

Skóli án aðgreiningar

2018-2019

Ljúka gerð skólanámskrár og innleiðingu kennsluáætlana og námsvísa

Skóli án aðgreiningar

Hefja markvissa sjálfsmatsvinnu byggt á sjálfsmatsáætlun skólans.

Grænfáninn og umhverfisvernd

2019-2020

Ljúka gerð skólanámskrár, kennsluáætlana og námsvísa

Sprotaverkefni í stærðfræði - stærðfræði til framtíðar.

Sjálfsmatsvinna, innra mat og umbótaáætlun

Grænfáninn og umhverfisvernd

Skóli án aðgreiningar, einstaklingsmiðað nám

2020-2021

Gerð skólanámskrár, námsvísa og kennsluáætlana og námsmatsskjals/vegabréfs

Sprotaverkefni í stærðfræði - Stærðfræði með augum heimsins

Formfesta sjálfsmatsvinnu, innra mat og sjálfsmatsáætlanir.

Sameining leik-, grunn- og tónskóla.

2021-2022

Leikskóli

Lubbi málörvun og hljóðanáms. Undirbúningur lestrar.

Blær vináttuverkefni, félags- og samskiptafærni

Heilsueflandi leikskóli 2022

Grænfáni umhverfisstefna

Sjálfsmatsvinna, innra mat

Grunnskóli

Innleiðing mentor. Námsvísar, kennsluáætlanir, námsmat

LærVest námssamfélag.

Menntaflétta, námssamfélag

Sjálfsmatsvinna, innra mat og umbótaáætlun ytra mats.

Heilsueflandi skóli.

Grænfáni - umhverfisstefna sameinaðs skóla.

2022-2023

Leikskóli

Lubbi málörvun og hljóðanáms. Undirbúningur lestrar.

Blær vináttuverkefni, félags- og samskiptafærni

Heilsueflandi leikskóli 2022-2023

Grænfáni umhverfisstefna

Sjálfsmatsvinna, innra mat

Grunnskóli

Innleiðing mentor. Námsvísar, kennsluáætlanir, námsmat

LærVest námssamfélag.

Valgreinaskólinn tilraunaverkefni.

Sjálfsmatsvinna, innra mat og umbótaáætlun ytra mats.

Heilsueflandi skóli.

Grænfáni - umhverfisstefna sameinaðs skóla - Sameiginlegur umhverfisdagur

2023-2024

Leikskóli

Tákn með tali

Lubbi málörvun og hljóðanáám. Undirbúningur lestrar.

Blær vináttuverkefni, félags- og samskiptafærni

Heilsueflandi leikskóli 2022-2023

Grænfáni umhverfisstefna

Sjálfsmatsvinna, innra mat

Grunnskóli

LærVest námssamfélag.

Samstarf Hólmavíkur og Drangsness

Sjálfsmatsvinna, innra mat og umbótaáætlun ytra mats.

Heilsueflandi skóli.

Grænfáni - umhverfisstefna sameinaðs skóla - Sameiginlegur umhverfisdagur

Það krefst mannafla að halda utan um stór verkefni eins og Grænfána og Heilsueflandi skóla. Starfið að þessum verkefni hefur flogið lægra á meðan skóli hefur verið dreifður um bæinn. Leikskólinn hefur haldið sínu striki en vonandi kemst skriður á allt starfið að hausti 2024.

Grænfáninn - umhverfisstefna

Grunnskólinn á Hólmavík er skóli á grænni grein og flaggar Grænfánum með stolti.

Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Grunnskólinn flaggar Grænfánum nú í fjórða sinn.

Hægt er að lesa Umhverfissáttmála Grunnskólans á Hólmavík [með því að smella hér](#). Einnig er hægt að komast að því hverjir skipa Umhverfisnefnd skólans [með því að smella hér](#). Fréttir af verkefnum tengdum Grænfánum skulu reglulega settar á heimasíðu eða á facebook- síðu skólans.

Umhverfisstefna fyrir sameinaðan skóla verður í mótun 2021-2023.

Grænfánastarfið hefur verið kraftminna árin sem skólinn hefur dreift um bæinn. Með góðri mönnun í sameinuðum skóla er kjörið tækifæri til að taka það aftur upp af krafti og leggja metnað í verkefni. Umhverfisnefnd hefur ekki verið skipuð og starfað að öðru leyti en því að leitað hefur verið til bekkjardeildanna um samráð. Unnin verður tillaga að umhverfisstefnu sameinaðs skóla sem hefur verið í mótun og hugmynd er um að hún verði unnin í samráði við skólann á Drangnesi, sumar 2024 og unnið úr henni frá hausti 2024.

Mat á skólastarfi

Skólastjóri, formaður foreldrafélags, deildarstjóri sérkennslu og deildarstjóri leikskóla eru í innra mats teymi skólans. Unnin hefur verið [innramatsskýrsla](#) þar sem farið er ítarlega yfir þá vinnu.

Starfsþróunaráætlun

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hins vegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans hverju sinni.

Helstu áhersluþættir skólaárið 2023-2024 eru:

- Skólabragur-Samskipti við foreldra
- Bekkjarbragur - skólabragur
- Foreldrasamskipti
- Innleiðing leiðsagnarnáms/leiðsagnarmats
- LærVest námssamfélag skóla á Vestfjörðum
- Samstarf Drangsnæs-Hólmavík
- Skólakerfi Mentor og upplýsingagjöf.
- Fjölbreyttari kennsluhættir, námsmat og samvinna kennara.

Leggja þarf áherslu á vinnu með gæðaviðmið og gátlista í kennsluháttum. Þannig má með einföldum, reglulegum athugunum fylgjast með því að starfið sé á réttri leið og hvernig því er fylgt eftir. Unnið í samstarfi við Ásgarð. Þetta á við Innleiðingu hæfnimiðaðs leiðsagnarnáms og mat á bekkjarbrag og samskiptum kennara og foreldra. Einnig fjölbreyttari kennsluhætti, námsmat og samvinnu.

Um samstarf Drangsnæs og Hólmavíkur verður unnin sérstök skýrsla í júní og framhaldið skipulagt.

Form símenntunar

Símenntun kennara fer fram innan 102/150 tímana samkvæmt kjarasamningi kennara. Símenntun annarra starfsmanna fer fyrst og fremst fram á starfstíma skólans.

Símenntun getur falist í:

- Námskeiðum fyrir kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu
- Lestur fagbóka og fagsíðna

- Áhorf myndbanda á netinu
- Formlegt framhaldsnám

Pörf á símenntun.

Ár hvert metur skólástjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólástjóri fylgist með að símenntun sé sinnt og heldur utan um þá símenntun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá símenntun sem þeir taka þátt í og skila til skólástjóra en gera grein fyrir sínum símenntunaráformum í starfsmannaviðtali. Kennarar halda utanum símenntun á þar til gerðu eyðublaði og upplýsa skólástjóra um framganginn. Símenntunar og starfsþróunaráætlun Grunnskólans á Hólmavík:

2023 - 2024	September til desember	Janúar til apríl	Mái og júní	Sumar 2024
LærVest námssamfélag	LærVest Námssamfélag	LærVest Námssamfélag	LærVest Námssamfélag	Kennarar sinna persónulegri símenntun og námskeiðum.
Leiðsagnarmat	Leiðsagnarmat	Leiðsagnarmat Gerð kennsluáætlana.	Leiðsagnarmat Kennsluáætlanir Námsmat	
Jákvæð samskipti skólabragur og samskipti við foreldra.	Gerð kennsluáætlana Viðmið um árangur..Námsmat	Jákvæður agi	Gerð	
	Kennsluáætlanir og þemaverkefni	Jákvæð samskipti Skólabragur	Jákvæður agi Skólabragur	
	Jákvæður agi námskeið	Innra mat	Innra mat	
Haustþing	Jákvæð samskipti Skólabragur	Skipulagsdagar	Skipulagsdagar	
	Kynsegin fræðsla Skipulagsdagar			

Að öllu þessum þáttum var unnið að einhverju leyti. Ekki náðist að halda námskeið um jákvæðan aga. Skyndihjálparnámskeið þarf að taka að hausti og síðan bættist við fræðsla vegna farsældarlaganna

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni jafnréttisáætlunar grunnskólans.

Jafnréttisáætlun hefur verið gerð og birt á heimasíðu skólans [hér](#). Jafnréttisáætlun verður endurskoðuð haust 2023.

Jafnréttisáætlun þarfnast endurskoðunar og uppfærslu. Gerð verður tillaga sem unnið verður úr í haust.

Öryggisáætlun - Áætlun um öryggi og velferð barna

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands). Markmið laga og reglugerða um skólahlald er meðal annars að tryggja að nemendum líði vel. Mikilvægt er að þeir búi við öryggi og að gagnkvæmt traust ríki í skólasamfélaginu.

Vinna við áætlun um öryggi og velferð barna við Grunnskólann í Hólmavík mun byggja á handbók Menntamálaráðuneytisins sem má sjá [hér](https://mms.is/sites/mms.is/files/lokautgafa_oryggishandbok_grunnskola_agust2015_0.pdf); https://mms.is/sites/mms.is/files/lokautgafa_oryggishandbok_grunnskola_agust2015_0.pdf Skólastjóri og öryggisvörður - vinna að gerð áætlunar um öryggi og velferð barna. Skjalið er opið og lifandi. Skólaráð, kennarar og starfsfólk skólans verður kallað til samráðs. [Öryggisáætlun](#) er kynnt og birt á heimasíðu skólans.

Í öryggisáætlun birtist rýmingaráætlun.

Öryggisáætlun fyrir leikskóla ásamt rýmingaráætlun þarfnast uppfærslu 2023-2024.

Öryggisáætlun í heild sinni fer í endurskoðun. Ekki er síst gert ráð fyrir endurskoðun vegna þess að nemendur flytja inn í nýtt, sameiginlegt skólarými og öryggisáætlun þarf að taka mið af því.

Stoðþjónusta

Nemendaverndarráð Grunnskólans á Hólmavík

Hlutverk nemendaverndarráðs birtist í heild sinni á vefsíðu skólans [hér](#).

Nemendaverndarráð heldur fundi einu sinni í mánuði á þriðjudögum klukkan 10:00.

Aðgengi að skólaheilsugæslu

Skólahjúkrunarfræðingur hefur átt sæti í nemendaverndarráði og hefur komið í skólann með fræðslu. Ár 2020-2022 var ekki fastur skólahjúkrunarfræðingur á staðnum. Veturinn 2022-2023 var starfandi skólahjúkrunarfræðingur með viðveru einu sinni í mánuði og setu í nemendaverndarráði. Óljóst er hvernig staða skólahjúkrunarfræðings verður ár 2023-2024.

Skólahjúkrunarfræðingur starfaði að hluta til fyrir áramót en eftir það ekki að öðru leyti en að sjá um bólusetningar. Enginn skólahjúkrunarfræðingur var starfandi eftir það og er sú staða ekki góð þar sem skólahjúkrunarfræðingur er mikilvægur aðili í nemendaverndarráði.

Aðgengi nemenda að stoðþjónustu og sérkennslu

Hvað er sérkennsla?

Sérkennsla er það þegar nemendur fá sérstaka námsaðstoð í tilteknum námsgreinum eða almennt, um lengri eða skemmri tíma. Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennari metur hvaða form er heppilegast í hverju tilviki fyrir sig í samráði við umsjónarkennara. Enginn nemandi fær sérkennslu nema farið hafi verið yfir mál hans í nemendaverndarráði, í samráði við foreldra og með samþykki þeirra.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla er eitt af námstilboðum skólans til að mæta þörfum nemenda. Hún felur í sér breytingu á námsaðstæðum, námsefni, námsmarkmiðum og/eða kennsluaðferðum. Sérkennslan er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum viðkomandi nemanda og fer ýmist fram innan eða utan almennra bekkjardeilda. Við skipulag sérkennslu í skólanum er unnið eftir reglugerð um sérkennslu.

Í reglugerð um sérkennslu segir:

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Í sérkennslu felst m.a.: Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtíamarkmið með kennslunni. Sérkennsla er veitt einstaklingum eða hópum. Hún getur verið bundin við afmarkaða

Þætti náms eða almenn námsaðstoð og byggist skipulag og inntak hennar á greiningu og mati á stöðu nemenda og þörfum þeirra. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári. Í sérkennslu fer reglulega fram mat á stöðu nemenda. Framhald sérkennslunnar er skipulagt í samræmi við niðurstöðu matsins. Talsverður sveigjanleiki er á fjölda nemenda í sérkennslu og fer það eftir þörf og áherslum hverju sinni. Þegar um er að ræða nemendur með miklar sérþarfir eru haldnir reglulegir fundir með þeim aðilum sem skipuleggja og vinna sameiginlega að námi nemanda. Einnig eru haldnir reglulega fundir með foreldrum/forráðamönnum.

Stuðningur

Börn með stuðning fylgja kennslu og námsefni bekkjar en geta þarfnast aðstoðar eða stuðnings bæði við nám og félagsleg. Skólanum er úthlutað ákv. tímafjöldi ár hvert til að sinna sérkennslu. Hver fjöldi tímana er ákvarðast af þörfinni hverju sinni. Þörfin fyrir fjölda sérkennslustunda er ávallt í endurskoðun.

Áhersla er á að styðja nemendur til náms og aukinnar félagsfærni. Einnig er áhersla á að styðja nemendur með sérþarfir til einstaklingsmiðaðs nám í sinni bekkjardeild.

Einnig er lögð áhersla á að styðja bráðgera nemendur sem sýna framúrskarandi hæfni í námi og/eða félagslegum aðstæðum.

Deildarstjóri sérkennslu

Af hálfu skólans er það skólastjóri og umsjónarmaður sérkennslu sem hefur í umboði skólastjóra umsjón með allri sérkennslu skólans. Umsjónarmaður metur sérkennsluþörf skólans annars vegar og hvers nemanda hins vegar í samráði við sérfræðinga og nemendaverndarráð. Hann skipuleggur sérkennsluna þannig að kennslan nýtist hverjum og einum sem best og að tímamagn skólans nýtist í heild sinni eins vel og kostur er. Skólastjóri er yfirmaður þeirra sem kunna að sinna sérkennslu eða stuðningi í skólanum hverju sinni. Umsjónarmaður sérkennslu sér einnig um dagleg samskipti við aðra sérfræðinga s.s. sálfræðing og talkennara.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir hefur umsjón með sérkennslumálum skólans

Stoðþjónusta

Talþjálfun er veitt frá Tröppu þjálfun. Sálfræðingur skólans er Magnús Baldursson frá Þroska og hegðunarstöð. Skimanir eru gerðar af umsjónarmanni sérkennslu samkvæmt skimunaráætlun (sjá læsisstefna) og ef tilefni þykir til er málum vísað til skólasálfræðings og þaðan til Greiningastöðvar ef þörf þykir. Almenn skóla- og kennsluráðgjöf er veitt frá ráðgjafarþjónustu [Ásgarðs](#)

Áfallaráð - Áfallaáætlun

Áfallaráð er sameiginlegt fyrir sameinaðan skóla á Hól mavík. Áfallaráð skipa skólastjóri sem er formaður, umsjónarmaður sérkennslu, deildarstjóri leikskóla. Mikilvægt er að áfallaáætlun sé öllum kunn og hún birtist á heimasíðu.

Áfallaáætlun er [hér](#)

Áfallaáætlun er yfirfarin á starfsdögum í júní

Hagnýtar upplýsingar

Námsgögn

Sveitarfélagið Strandabyggð greiðir fyrir helstu námsgögn fyrir nemendur grunnskólans. Foreldrar sjá nemendum fyrir búnaði og þá einkum fatnaði fyrir íþróttir, sund og útivist eftir aðstæðum.

Leiklist

Annað hvort ár er sett upp leikverk í fullri lengd eða styttri verk í samstarfi við Leikfélag Hólmavíkur. Árið 2022-2023 er samstarfsár.

Annað hvort ár er árshátíðarár en einnig er tekið þátt í Þjóðleik, verkefni Þjóðleikhússins þegar það er í gangi

Ekki var samstarf við Leikfélag árið 2022-2023 en það er í athugun nk. Vetur. Verkefnið Þjóðleikur hefur verið lagt niður. Gert er ráð fyrir árshátíð nk vetur.

Árshátíð var haldin sl.vetur og var að hluta til samstarfsverkefni með Drangnesi þar sem nemendur miðstigs og nemendur Drangness héldu árshátíð á Drangnesi. Nemendur á yngsta og unglíngastigi æfðu einnig leikrit og sýndu á Árshátíð á Hólmavík. Leikfélag Hólmavíkur hefur alltaf verið tilbúið til samstarfs og stuðnings.

Félagsmiðstöðin Ozon

Félagsmiðstöðin Ozon flutti starfsemi sína í Félagsheimilið haust 2017. Tómsfundafulltrúi Strandabyggðar heldur utan um starfið ásamt Ozonráði sem er skipað nemendum. Starfið er ætlað börnum í 5.-10. bekk. Miðstöðin er vel tækjum búin, hefur verið virkur þátttakandi í starfi Samfés og alltaf eitthvað að gerast.

Netfang: tomstundafulltrui@strandabyggd.is

Matur og nesti

Hádegismatur

Öllum nemendum í Grunnskólanum á Hólmavík gefst kostur á að fá heitan mat í hádeginu.

Nemendur snæða hádegisverð í skóla. Skólastjóri sér um skráningu í mat. Hádegisverður var eldaður í Café Riis og fluttur í skóla ágúst-nóvember og síðar félagsheimili frá desember.

Sú breyting varð á mötuneyti að Café Riis sagði upp samningum og þá var leitað til nýrra aðila. Raimonda Serekaité matráður í leikskólanum og Sigrún María Kolbeinsdóttir skólaliði tóku að sér mötuneyti skólans og elduðu í félagsheimilinu, þar sem borðað er. Nánast allir nemendur eru skráðir í mötuneytið.

Nesti

Nemendur taka með sér nesti og mælst er til þess að það sé hollt og að sykraðir drykkir séu geymdir heima.

Hafragrautur

Á hverjum degi býður skólinn upp á ókeypis hafragraut í fyrstu frímínútum.

Í leikskólanum er framreiddur morgunverður og síðdegishressing fyrir börnin. Hádegisverður er eldaður í Café Riis og fluttur í leikskólann.

Alla daga er boðið upp á hafragraut, súrmjólk, ab-mjólk, músl og kornflex að morgni í leikskólanum.

Skólaakstur

Endurskoða þarf á hverju ári akstursáætlun og reglur um skólaakstur og byggja á reglum Strandabyggðar um skólaakstur.

Endurskoðun akstursáætlunar fari fram fyrir haust 2023 og verði samþykkt áður en skóli hefst í ágúst.

Frístund, samfelldur dagur barna í 1.-4. bekk

Frá 2017 hefur nemendum í 1. til 4. bekk verið boðið upp á samfelldan skólalag. Markmiðið er að skóla-, tómstunda-, og íþróttastarf fari fram á samfelldum tíma á skólalag barna í 1.-4. bekk.

Skólalag hefst kl. 8.30. Alltaf eru nokkrir nemendur sem mæta í skólann um eða eftir klukkan 8:00. Þeim býðst róleg stund inni, eða útivist á skólavelli.

Frístund hefst klukkan 13:30 eftir kennslu í grunnskólanum og lýkur 16:00 þá hafa nemendur val um ýmsar íþróttir, kórstarf eða tómstundastarf. Starfsmaður frístundar sér um skráningu í frístund.

Nemendum í 5.- 10. bekk býðst þátttaka í tómstundastarfi eftir klukkan 14:30 og hafa þá val um íþróttir, tónlist, klúbbastarfsemi og fleira

Samfelldur dagur er styttri á föstudögum eða til 14:30.

Nemendum í 4. bekk bauðst þátttaka í félagsmiðstöð einn dag í viku þegar ekki var samstarfsdagur félagsmiðstöðva nágrannasveitarfélaganna.

Mjög erfiðlega gekk að manna frístund 2023-2024 en að sama skapi hávær krafa um að það yrði frístund.

Mönnun var leyst með alls konar ráðum og þýddi í mörgum tilfellum mjög aukið álag á þá sem sinntu afleysingu og kom í veg fyrir það þeir næðu að sinna sínu eigin starfi: þarna komu að stuðningsfulltrúar og starfsfólkmötuneytis, skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu, stöku sinnum kennarar en lengsta samfellda tíma í frístundinni náði starfsfólk leikskóla.

Ræða þyrfti hvort frístundin ætti ekki betur heima á vettvangi frítímans í tómsundastarfinu. Frístundin er líka á frítíma barnsins þegar það á val um viðfangsefni.

Leyfi, forföll, veikindi og gestanemendur

Veikindi

Öll veikindi ber að tilkynna strax að morgni í síma 451-3430 eða skrá á mentor.is. Veikindaforföll í íþróttum ber að tilkynna til skólans en ekki í íþróttamiðstöð. Foreldri eða forráðamaður skal tilkynna veikindi barna sinna.

Þurfi nemandi af heilsufarsástæðum að fá að vera inni í frímínútum skal foreldri/forráðamaður tilkynna það til umsjónarkennara. Foreldrar og forráðamenn skulu einnig tilkynna lengri veikindi þegar fyrirsjáanlegt er að nemandi mæti ekki í skólann í nokkra daga. Ekki er æskilegt að nemendur séu utandyra, á íþróttæfingum eða taki þátt í félagsstarfi sama dag og þeir hafa verið í veikindaleyfi.

Fari skólasókn nemenda niður fyrir 80% á hverjum tíma skal umsjónarkennari gera foreldrum og nemendaverndarráði viðvart. Nemendaverndarráð skal fjalla um slík mál og ákvarða um frekari aðgerðir í samráði við skólastjóra.

Nauðsynlegt reynist að setja nánari reglur um skólasókn til þess að geta brugðist fljótt við ef um skólaforðun er að ræða og fjöldi veikindadaga og/eða leyfa er umfram skólasókn. Setja þarf reglur og viðbrögð í samræmi við skólasókn. Reglur verði tilbúnar í ágúst þegar skóli hefst.

Mentor nýttist afar vel í vetur fyrir foreldra að skrá veikindi barna og nú er líka komin möguleiki að sækja um leyfi, auk þess sem auðvelt er fyrir foreldra að senda skilaboð í gegnum mentor.

Leyfi

Öll leyfi styttri eða lengri ber að óska eftir við skólustjóra skolastjori@strandabyggd.is eða hringja í síma 451-3430. Athugið að foreldrum ber skylda til að sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann verður af í skóla vegna leyfisins.

Góður möguleiki er að senda skilaboð á skólustjóra og umsjónarkennara í gegnum Mentor.

Gestanemendur

Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda varðandi gestanemendur við Grunnskólann á Hólmavík:

- Best er, ef hægt er að óska eftir leyfi fyrir gestanemendur með nokkurra daga fyrirvara.
- Gestanemendur eru velkomnir.
- Sótt er um leyfi til skólustjóra með tölvupósti á netfangið skolastjori@strandabyggd.is. Forráðamenn sækja um þjónustu t.d. tómstundastarf eða mötuneyti og upplýsa um hver greiði fyrir þá þjónustu
- Gesturinn fylgir bekk en kemur með eigið námsefni eða viðfangsefni við hæfi og íþróttaföt eða sundföt fyrir íþróttatíma.
- Gesturinn fylgir skólareglum.
- Skólustjóri veitir leyfi að höfðu samráði við kennara.

Rýmingaráætlun skólans

Dagskrá brunaæfinga og æfing rýmingaráætlunar verður unnið í samráði við slökkviliðsstjóra á yfirstandandi skólaári. Rýmingaráætlun er [hér](#)

Rýmingaráætlun leikskóla verður uppfærð haustönn 2023.

Ný rýmingaráætlun og dagskrá æfinga verður unnin fyrir nýtt grunnskólahúsnæði þegar inn í það verður flutt og aðstæður ljósar.

Óveður og ófærð.

Ef skólastarf fellur niður vegna óveðurs, ófærðar eða rafmagnsleysis eru send skilaboð sms til foreldra í gegnum mentor, skrifað inn á facebook hópa, sett inn tilkynning á vef skólans og Strandabyggðar og síðu Strandabyggðar. Allar mögulegar leiðir eru virkjaðar til að koma skilaboðum sem fyrst til foreldra.

Lögð er áhersla á að foreldrar meti sjálfir aðstæður þegar veður eða veðurútlit er vont eða líkur á ófærð. Þeir sem vilja halda börnum sínum heima, sé skóla ekki aflýst formlega, er velkomið að gera það. Í þeim tilfellum er mikilvægt að tilkynnt sé um fjarveru nemandans til skólans svo ekki leiki vafi á því hvar hann er. Foreldrar á skólaakstursleið hafa samband við skólabílstjóra og láta vita af ákvörðun um að senda börn ekki í skóla eins snemma og auðið er.

Hvað varðar skólaakstur er það alfarið ákvörðun skólabílstjóra í samráði við skólastjóra og foreldra hvort akstur sé mögulegur hverju sinni. Ef aðstæður eru þess valdandi að akstur er talinn ótryggur eða skólastjóri og skólabílstjóri ákveða að senda börn heim vegna ótryggs veðurútlits eða ófærðar verður haft samband við heimilin og gerð grein fyrir ákvörðuninni og forsendum hennar.

Vefsíður.

Á vefsíðu Grunnskólans á Hólmavík er að finna öll gögn er varða starfsemi skólans. Á vefsíðunni kemur fram hvenær viðkomandi liður var síðast endurskoðaður. Vefsíðan er í senn handbók foreldra, kennara og skólasamfélagsins alls. Vinna skal að því á árinu 2023-2024 að sameina vefsíður leikskóla og grunnskóla og uppfæra. Heimasíðan er ekki örugg.

Unnið er að endurgerð og uppfærslu heimasíðu Strandabyggðar og skóla þar með.

Lokaorð

Grunnskólinn var staðsettur á fjórum stöðum: Skólastjórnendur höfðu aðsetur í anddyri "gamla skóla". Í Vallarhúsi var yngstastigið, miðstig í Hnyðju og unglíngastig í Félagsheimili. Í félagsheimili var líka mótuneyti, félagsmiðstöð, bókasafn, tónlistarskóli, frístund í anddyri og félagsmiðstöð eldri borgara. Vegna samfélagslegra viðburða þarf að rýma sal félagsheimilis mismikið þó eftir viðburðum. Á köflum var margt í gangi í húsinu í einu.

Ekki tókst að manna allar stöður og allan veturinn var ekki fullmannað í stöðu þroskaþjálfara. Erfiðlega gekk að manna frístund og sennilega voru hvergi voru meiri afleysingar. Stöðu deildarstjóra leikskóla var ráðið í að hluta. Þetta þýddi álag og viðbótarvinnu á aðra.

Á umhverfisdegi vor 2024 unnu nemendur hugmyndavinnu fyrir skólalóðina við grunnskólann. Hugmyndum verður skilað til yfirvalda fræðslumála.

Gert er ráð fyrir flutningi í uppgert skólahúsnaði í ágúst nk. Starfsfólk mætir til starfa 15. ágúst og skólasetning er fyrirhuguð 22. ágúst.

Starfsáætlun er birt á vefsíðu skólans bæði í heild sinni og eftir viðfangsefnum. Á hverju vori er starfsáætlun metin og gildir mat á starfsáætlun sem ársskýrsla skólans.

Hvert haust er starfsáætlunin endurskoðuð og birt aftur í heild sinni en einstakir hlutar endurskoðaðir á vefsíðu.

Starfsáætlun verður uppfærð í ágúst 2024.

Júní 2024

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
skólastjóri